

Hábrún hf.  
Stekkjargötu 11  
410 Hnífsdalur

Reykjavík, 16. október 2020  
UST202002-102/H.S.J.  
08.12.02


**Efni: Reglubundið eftirlit þann 25.8.2020 í Hábrún hf.**


Þann 25.ágúst sl. fór fram eftirlit í fiskeldi Hábrúnar hf., Skutulsfirði. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Engin frávik komu fram við eftirlit en fjórar ábendingar voru settar fram er varða staðsetningu eldis, tegund fisks í eldi, niðurstöður vöktunar 2019 og áætlaða vöktun 2020.

Umhverfisstofnun óskar eftir því að niðurstöður vöktunar fyrir 2019 verði sendar eftirlitsaðila eigi síðar en 30. október nk.

Virðingarfyllst

  
Hulda Soffia Jónasdóttir  
sérfræðingur

  
Guðbjörg Stella Árnadóttir  
sérfræðingur

Afrit: Heilbrigðisnefnd Vestfjarða  
Afrit: Matvælastofnun

**Eftirlit með fiskeldisstöð**  
**Kvíaeldi**

**Eftirlit með fiskeldisstöð - Gátlisti**

Nafn rekstraraðila:	Dags. eftirlits:	Staðsetning stöðvar:	Brottfallinn starfsleyfisflokkur:
Hábrún hf.	25.8.20	Skutulsfirði	4
Kennitala rekstraraðila:	Gildistími starfsleyfis:	Kvittun afhend:	Gerð stöðvar:
450314-0640	12.12.20	Nei.	Sjókvíaeldi, allt að 200 tonnum ársframleiðsla.

Starfssemi	Já / Í lagi	Nei / Ekki í lagi	Á ekki við	Athugasemdir:
Er umfang í samræmi við starfsleyfi?	X			Upplýsingar um umfang/framleiðslu lágu ekki fyrir þegar eftirlitsheimsóknin fór fram. Rekstraraðili sendi upplýsingar í tölvupósti þann 28. september. Fyrir liggur að á árinu 2019 var um 50 tonnum slátrað upp úr ysta svæði rekstraraðila og búið er að slátra 200 tonnum það sem af er ári 2020.
Breytingar á starfsemi frá síðasta eftirliti? Áætlaðar breytingar?	X			FishTalk var tekið upp í sumar til að fylgjast með fódru og lífmassa. Lífmassamælir hefur verið keyptur og er hann fluttur á milli kvía til að mæla og bera meðalþyngd saman við stykkprufur úr lúsaskoðunum og skráningar í Fishtalk.
Er innra eftirlit og skráningar í samræmi við starfsleyfi (sjá grein 3.1. í starfsleyfi).	X			Skráningar á fódru eru í Fishtalk. Losun er skráð um borð í fóðurbát í excelskjál út frá fódru. Í bátum eru afföll skráð í stykkjatali, sem og skyggni, hitastig og súrefnisstyrkur vatns.
Ársskýrsla/samantekt skilað fyrir 1. maí?			X	Á ekki við.
Grænu bókhaldi og útstremisbókhaldi skilað fyrir 1. maí?			X	Á ekki við.
Er áhættumat og uppfærðar viðbragðsáætlanir aðgengilegar á staðnum? (viðbragðsáætlun vegna bráðmengunar,	X			Áætlanir voru til staðar í gæðahandbók. Rekstraraðili sendi eftirlitsaðila nýjustu útgáfu eftir að vettvangsheimsóknin fór fram.

**Eftirlit með fiskeldisstöð**  
**Kvíaelði**

viðbragðsáætlun vegna tímabundinnar og ótímabundinnar rekstrarstöðvunar)				
Samráðsfundur? Næsti fundur boðaður?			X	Á ekki við.
Er trygging vegna bráðamengunar í gildi?	X			Í lagi.
Er neyðaráætlun til staðar?	X			Sjá hér að ofan.

Umhverfi	Já / Í lagi	Nei / Ekki í lagi	Á ekki við	Athugasemdir:
Umhverfismarkmið og umhverfisstjórnunarkerfi?			X	Á ekki við.
Stýring á fódurgjöf þannig að úrgangsmýndun sé í lágmarki?	X			Magn fóðurs til gjafar er ákveðið frá fódurtöflu miðað við hitastig og lífmassa. Gjöf er metin sjónrænt og með myndavélum við fóðrun.
Er skráning á losun fósforis og köfnunarefnis? Eru losunarmörk virt? Mælingar eða útreikningar? Síðustu mælingar?	X			Gefið fódurmagn er skráð um borð og excel skjal reiknar losun. FishTalk áætlar einnig losun frá fódurgjöf.
Hvernig er fylgst með uppsöfnun fódurleifa – þarf að fylgjast með? Er mikið af þörungablóma eða fugli í nágrenninu?	X			Kafarar fylgjast með við hreinsun á nótum með myndavél og vakta botninn undir kvíum með sýnatökum skv. vöktunaráætlun. Ekki var vart við mikinn blóma eða fugl á svæðinu, töluvert var af mávum á einum kvíahring á ysta svæðinu, sem ekki er með net strengt yfir.
Er staðsetning kvía skv. starfsleyfi?		X		Staðsetning er ekki tiltekin í starfsleyfi Hábrúna önnur en Skutulsfjörður, en ystu kvíar á ysta svæði eru utan svæðis gildandi rekstrarleyfis.

Eftirlit með fiskeldisstöð  
Kvíaelði

Hver er fjöldi kvía, stærð þeirra og áætlað magn og stærð fiskjar?	X			<p>Þegar vettvangsheimsóknin fór fram voru 8 kvíar á ysta svæði, 2018 árgangur. Fjöldi þar var um 136 þús í lok júlí og 2,7 kg meðalþyngd.</p> <p>Á miðsvæði (gildandi leyfi Hábrúnar) voru 6 kvíar með upb. 128 þús. fiskum í lok júlí, árgangur 2019 1,7 kg meðalþyngd. Við seinasta eftirlit var áætlað að setja út 200 þús. fiska á svæðið 2019 en það var minnkað í 140 þús. stykki.</p> <p>Skv. rekstraraðila hafði einnig verið sett út í miðsvæði, með leyfi Matvælastofnunar, í 4 kvíar árgangur 2020, sem verður fluttur á innsta svæði þegar fyrir liggur stöðvaskírteini og NS9415 vottun á búnaði þar. Við vettvangsheimsókn voru þar u.þ.b. 143 þús. fiskar, um 260 gr meðalþyngd.</p>
Hvenær er áætluð slátrun úr kvíum? Hvar verður slátrað? Hver tekur við slógi? Hvenær er næsta útsetning seiða áætluð?	X			<p>Verið er að slátra af ysta svæði, 2018 árgangi og er stefnt að því að tæma svæðið með slátrun og eftir tilvikum flutningi fisks fyrir 1. nóvember nk. vegna frests frá MAST m.t.t. stöðvaskírteinis svæðis.</p>
Er eftirlit með vatnsgæðum í viðtaka?			X	<p>Skv. vöktunaráætlun v. stækkaðs leyfis er áætlað að taka sjósýni en niðurstöður hafa ekki borist stofnuninni, né staðfesting á því að slíkt hafi verið gert.</p>
Meðhöndlun úrgangs og spilliefna í samræmi við starfsleyfi? Söfnun og förgun dauðfisks?	X			<p>Dauðfiskur er frystur í gámi og komið í förgun hjá Kubbi.</p> <p>Stórsekkir undan fóðri fara í gám á höfninni, og smurning og önnur spilliefni sem falla til af bátum fara í spilliefnagáma hafnar.</p>
Er umhverfisvöktun í samræmi við starfsleyfi?			X	<p>Ekki er fjallað um umhverfisvöktun í leyfi. Fyrir liggur þó vöktunaráætlun frá RORUM vegna stækkaðs leyfis sem bíður gildistöku.</p>
Skil á niðurstöðum mælinga umhverfisvöktunar.			X	<p>Við vettvangsheimsókn 2019 kom fram að til stæði að taka sýni í samræmi við vöktunaráætlun í júlí</p>

**Eftirlit með fiskeldisstöð**  
**Kvíaelði**

				2019. Eftirlitsaðila er ekki kunnugt um hvort sýni hafi verið tekin í samræmi við vöktunaráætlunina, en óskar eftir niðurstöðum vöktunar ef þær eru til.
Skil á öðrum mælingum sem nefndar eru í starfsleyfi, ef við á.			X	Á ekki við.
Næstu áætluðu mælingar? Hverjar? Er það skv. starfsleyfi? Hver sér um mælingarnar?	X			Skv. rekstraraðila er næst áætluð hvíldarsýnartaka fyrir útsetningu í innsta svæði.  Umhverfisstofnun óskar eftir því að gengið verði úr skugga um að slík sýnataka verði framkvæmd. Þar sem um nýtt og stækkað leyfi er að ræða óskar stofnunin eftir því að sýnatakan verði framkvæmd í samræmi við bæði nær- og sniðvöktun (e. operational monitoring of local impact zone og operational transect monitoring) sbr. kafla 5 og töflu 5 ISO 12878 staðals.

**Niðurstöður síðasta eftirlits:**

Fyrirvaralaust eftirlit Hábrún 2019: Engin frávik komu fram við eftirlitið en ábending var gerð vegna eldis utan staðsetninga gildandi starfs- og rekstrarleyfa Hábrúnar og Sjávareldis og að rekstraraðili hefur hafið að vinna í samræmi við leyfi sem hefur enn ekki verið gefið út.

Sjávareldi 2019: Tvö frávik komu fram við eftirlitið, Annað var ítrekun á eldra frávikum og varðaði tegund fiskjar sem alinn var. Eitt nýtt frávik kom fram er varðar skráningar. Tvær ábendingar voru gerðar.

Hábrún 2018: Eitt frávik frá starfsleyfisskilyrðum kom fram við eftirlitið er varðaði skráningar. Þrjár ábendingar voru gerðar er vörðuðu útreikninga á losun fosfórs, uppfærslu neyðaráætlunar og uppfærslu áhættumats og viðbragðsáætlunar.

**Samantekt:**

Eldi á vegum Hábrúnar er á þremur eldissvæðum í Skutulsfirði, á svæðum starfs- og rekstrarleyfa Hábrúnar, Sjávareldis og á þriðja svæðinu utar í firðinum.

Tekin var ákvörðun um útgáfu nýs og stækkaðs starfsleyfis í september 2019, en þar sem afhenda þarf bæði starfs- og rekstrarleyfi á sama tíma hefur það ekki enn tekið gildi. Því starfar rekstraraðili enn í samræmi við leyfi sem ekki hefur tekið gildi, m.t.t. eldisstaðsetninga. Ekki er þó skráð frávik þess efnis frá starfsleyfi þar sem starfsleyfi Hábrúnar tiltekur einungis staðsetninguna Skutulsfjörð.

Búið er að bæta skráningar síðan seinasta eftirlit fór fram. Stöðvarskírteini sbr. NS 9415 staðal er komið vegna búnaðar á miðsvæði. Búnaður sem er á ysta svæði er ekki með vottun og strandar útgáfa rekstrar- og starfsleyfa á því. Skv.

**Eftirlit með fiskeldisstöð**  
**Kvíældi**

	upplýsingum frá rekstraraðila hyggst Matvælastofnun gefa út rekstrarleyfi þegar stöðvarskírteini þess svæðis liggur fyrir.
<b>Annað:</b>	<p>Í eftirlitinu voru kynntar niðurstöður áhættumats 2019 vegna tíðni eftirlits og farið yfir þá þætti sem rekstraraðili getur haft áhrif á til hækkunar eða lækkunar tíðni eftirlits.</p> <p>Umhverfisstofnun hefur unnið leiðbeiningar um útreikninga á losun frá fiskeldi. Leiðbeiningarnar voru kynntar í eftirlitinu og rekstraraðili hvattur til að nýta sér þær til ákvörðunar á losun í skráningum og ársskýrslum.</p> <p>Verkferill um förgun aukaafurða dýra og afleiddra afurða sem ekki eru ætlaðar til manneldis var einnig kynntur.</p> <p>Jón Halldór Pálmason stöðvarstjóri sigldi með eftirlitsmann út að kvíum.</p>

Undirskrift eftirlitsmanns: Hulda S. Jónasdóttir

# EFTIRLITSSKÝRSLA

Hábrún Skutulsfirði



<b>Dags eftirlits</b>	25.8.2020	<b>Ábyrgðarmaður eftirlits</b>	Hulda Soffía Jónasdóttir
<b>Fyrirtæki</b>	Hábrún	<b>Eftirlitsmaður</b>	Hulda Soffía Jónasdóttir
<b>Heimili</b>	Stekkjargötu 11	<b>Tegund eftirlits</b>	Reglubundið
<b>Kennitala</b>	450314-0640	<b>Flokkur</b>	Fiskeldi
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Davíð Kjartansson	<b>ÍSAT nr.</b>	03.21.0
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Jóhanna Ósk Halldórsdóttir	<b>Staðsetning</b>	

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Ekkert frávik var skráð í eftirlitinu.

Fjórar ábendingar eru skráðar er varða staðsetningu eldis, tegund fisks í eldi, niðurstöður vöktunar 2019 og áætlaða vöktun 2020.

## UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið var framkvæmt með vísan í 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Vísað er í meðfylgjandi gátlista.

Boðað umfang eftirlits var eftirfarandi:

- Farið yfir seinustu eftirlitsskýrslur Sjávareldis og Hábrúnar, frávik og úrbætur
- Áhættumat til ákvörðunar tíðni eftirlita
- Gildistími starfsleyfa og nýtt leyfi
- Útsetningar, slátrun og hvíld svæða
- Umfang/framleiðsla
  - o Framleiðsla 2019
  - o Lífmassi, fjöldi kvía og meðalþyngd fisks þegar eftirlit fer fram
  - o Tegund í eldi
- Skráningar og áætlanir sbr. gr. 1.4 í samræmdum starfsleyfiskilyrðum
- Trygging v. bráðamengunar
- Úrgangur, spilliefni og lyf
  - o Umgengni um mengandi efni
  - o Dauðfiskur
  - o Annar úrgangur
- Farið út í kvíar og aðstæður skoðaðar

Byrjað var á skrifstofu Hábrúnar í Hnífsdal þar sem farið var yfir gögn og skráningar. Upplýsingar um framleiðslu 2019 lágu ekki fyrir við vettvangsheimsókn, en rekstraraðili hugðist senda eftirlitsaðila þær upplýsingar ásamt frekari skráningum. Upplýsingarnar bárust þann 28. september sl.

Sigt var út að kvíastæði, þar sem fiskur er í eldi á tveimur svæðum, árgangur 2018 og árgangur 2019. Árgangur 2018 er á ysta svæði og 2019 á miðsvæði. Fjórar kvíar með fiskum af árgangi 2020 eru einnig á miðsvæði. Aðstæður voru skoðaðar og með stöðvarstjóra var dýpt við kvíastæði skoðuð og farið yfir úrgangsmál, skráningar um borð ofl.

Eldi á vegum Hábrúnar er á þremur eldissvæðum í Skutulsfirði, að jafnaði er eldi á tveimur svæðum í einu og það þriðja í hvíld. Ekki eru þó nema tvö starfs- og rekstrarleyfi í gildi þar, á sitthvorri kennitölunni, 200 tonna leyfi Hábrúnar og 200 tonna leyfi Sjávareldis.

## ÁBENDINGAR

Í gildandi starfleyfi Hábrúnar er ekki tiltekin staðsetning né tegund sem ala má, en samsvarandi rekstrarleyfi tiltekur staðsetningu og að leyfið taki til eldis þorsks. Ekki er skráð frávik þess efnis frá starfsleyfi þar sem tegund er ekki tilgreind í því.

Hluti ysta eldissvæðis rekstraraðila fellur utan við það eldissvæði sem skilgreint er í núgildandi rekstrarleyfi Hábrúnar.

Ekki er tilgreind nánari staðsetning en Skutulsfjörður í starfsleyfi gefnu út af heilbrigðiseftirliti Vestfjarða 2008, svo frávik er ekki skráð þess efnis frá starfsleyfi, en Umhverfisstofnun bendir á að rekstraraðila ber að fara eftir ákvæðum bæði starfs- og rekstrarleyfa.

Umhverfisstofnun bendir á að skv. upplýsingum frá rekstraraðila við eftirlit 2019 átti að fara fram sýnataka skv. vöktunaráætlun í júlí 2019. Eftirlitsaðili hefur ekki fengið niðurstöður hennar sendar og óskar eftir niðurstöðum vöktunarinnar.

Stofnunin óskar einnig eftir því að hvíldarsýnataka innsta svæðið verði framkvæmd í samræmi við bæði nær- og sniðvöktun sem skilgreind er í vöktunarstaðli fyrir vöktun á mjúkkum botni, ISO 12878.

#### **ANNAD**

Í eftirlitinu voru kynntar niðurstöður áhættumats 2019 vegna tíðni eftirlits og farið yfir þá þætti sem rekstraraðili getur haft áhrif á til hækkunar eða lækkunar tíðni eftirlits.

Umhverfisstofnun hefur unnið leiðbeiningar um útreikninga á losun frá fiskeldi. Leiðbeiningarnar voru kynntar í eftirlitinu og rekstraraðili hvattur til að nýta sér þær til ákvörðunar á losun í skráningum og ársskýrslum.


Verkferill um förgun aukaafurða dýra og afleiddra afurða sem ekki eru ætlaðar til manneldis var einnig kynntur.

Jón Halldór Pálmason stöðvarstjóri sigldi með eftirlitsmann út að kvíum í skoðunarferð.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 16.10.2020

  
Hulda Soffía Jónasdóttir